



Námsáætlun

ENSK2kk05 vorönn 2021 **FJARNÁM**

Kennari: Anna Jeeves (annaj@fg.is).

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- á ólíkum viðhorfum og gildum í enskumælandi löndum og hvernig þau móta menninguna
- sérhæfðum orðaforða sem tengist bókmenntum og kvikmyndum
- uppsetningu og skipulagi ritaðs máls, s.s. gagnrýni, handrit, samanburðarskrifum o.fl.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja mál sem er talað með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- tengja samfélag og tíma
- skilja texta kvikmynda og myndmál
- skilja tengsl ritaðs máls og talaðs
- rökræða, skiptast á skoðunum um kvikmyndir
- lesa texta í tengslum við sögu kvikmynda, bakgrunn (sögulegan/menningarlegan), tækni við kvikmyndagerð, lýsingu, tónlist
- skrifa kvikmyndarýni, handrit, bera saman bók og mynd

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skýrt og hnökralaust
- skrifað læsilegan og lipran texta, rakið ólík sjónarmið með og á móti, skrifað texta frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug fær að njóta sín
- lesið á milli lína, beitt djúpri túlkun

Kennslugögn:

Efni frá kennara sett í Innu.

Námsmat: Annareinkunn 65%

Orðaforði úr undirbúningsverkefnum í byrjun annar 5%

Kvikmyndatónlist 3%

***Trainspotting* (1996) - 12%**

- Dagbók - ígrundun um myndina 3%
- Próf 9%

***Rabbit-Proof Fence* (2002) - 12%**

- Dagbók - ígrundun um myndina 3%
- Verkefni – skriflegt eða skriflegt/munnlegt valverkefni 9%

***Bridget Jones's Diary* (2001) - 15%**

- Dagbók - ígrundun um myndina 3%
- Kaflar úr bókinni lesnir, samanburður við kvikmyndina 6%
- Skriflegt og munnlegt verkefni 6%

***The Good Lie* (2014) – 12%**

- Dagbók - ígrundun um myndina 3%
- Ritgerð 9%

Valmynd (nemendur velja á milli þriggja kvikmynda) - 6%

- Verkefni um uppbyggingu myndarinnar

Lokapróf 35%

- Orðaforði úr lesefni
- Skriflegt verkefni - samanburður á *The Good Lie* og valmyndinni
- Spurningar úr *Trainspotting*, *Rabbit-Proof Fence*, *Bridget Jones's Diary* og *The Good Lie*.

Vinnuálag nemenda: Vinna í 5 eininga áfanga á að vera 90 til 120 klst. vinna á önn. Þar af eru 36 til 56 klukkustundir fyrir utan skólastofuna.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 4.-5. mars 02. 8.-12. mars	Kynning á áfanga / Undirbúningur <i>Trainspotting (1996)</i>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Undirbúningsverkefni og greinar ○ Próf úr orðaforða og lesgreinum 5% ○ Munnlegt verkefni um kvikmyndatónlist 3% ○ Undirbúningur og lesefni ○ Dagbók 3% 	Úrsagnareindagi 9. mars
03. 15.-19. mars 04. 22.-26. mars	<i>Trainspotting</i> <i>Rabbit-Proof Fence (2002)</i>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Próf úr <i>Trainspotting</i> 9% ○ Undirbúningur og lesefni ○ Dagbók 3% ○ Valverkefni 9% 	Námsmatsdagur 19. mars Miðannarmat
29. mars.-6. apríl páskafrí 			
05. 7.-9. apríl	<i>Bridget Jones's Diary (2001)</i> – kvikmyndin	<ul style="list-style-type: none"> ○ Undirbúningur og lesefni ○ Dagbók 3% 	Miðannarmat
06. 12.-16. apríl 07. 19.-23. apríl	<i>Bridget Jones's Diary</i> – kvikmyndin <i>Bridget Jones's Diary</i> - bókin	<ul style="list-style-type: none"> ○ Samanburður á völdum köflum í bók og mynd (6%) ○ Skriflegt og munnlegt verkefni (6%) 	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
08. 26.-30. apríl 09. 3.-7. maí	<i>The Good Lie (2014)</i>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Undirbúningur og lesefni ○ Dagbók 3% ○ Ritgerð 9% 	
10. 10.-14. maí. 11. 17.-18. maí.	Valmynd Undirbúningur fyrir lokapróf (35%)	<ul style="list-style-type: none"> ○ Undirbúningur ○ Verkefni um uppbyggingu valmyndarinnar 6% 	Uppstigningardagur 13. maí

Próf eru 19. og 20. maí. Sjúkrapróf 21. maí. Brautskráning 29. maí.

- Áfanginn er kenndur á ensku.
- Áætlun er ekki bindandi og getur breyst í samráði við nemendur.
- Nemendur skulu virða skilafrest verkefna. Ef verkefni er ekki skilað á réttum tíma dregst –1 frá einkunn fyrir hvern dag í allt að 3 daga. Eftir þann tíma verður ekki tekið við verkefnum. Ef upp koma vandamál skulu nemendur hafa samband við kennara með tölvupósti áður en skilafrestur rennur út.
- Sé nemandi ekki með útskýrða fjarvist þegar próf eru lögð fyrir á hann ekki rétt á að taka sjúkrapróf.



- Nemandi sem ekki lýkur prófum á önninni vegna veikinda þarf að gera ráð fyrir að mæta í sjúkrapróf á námsmatsdögum á önninni og/eða í lok annar.
- Ætlast er til þess að nemendur skili verkefnum í Word og/eða PowerPoint í gegnum Turnitin, sé þess óskað.
- Vinsamlegast látið kennara vita með tölvupósti eða samtali ef þið eigið í sértækum erfiðleikum í námi, t.d. vegna dyslexíu eða langvinnra veikinda.

Þar sem er lokapróf þurfa nemendur að fá a.m.k. 4,5 í einkunn til að standast áfangann. Allir nemendur þurfa a.m.k. 5,0 í lokaeinkunn til að standast áfangann.

Ritstuldur (Plagiarism)

Nemandi sem tekur texta beint af vefsíðu (*copy/paste*) eða upp úr bók geri sig sekan um ritstuld. Þegar nemandi tekur orðréttan og stafréttan texta annars í ritsmíð sína er talað um beinar tilvitnanir. **Stutt tilvitnun** (færri en 40 orð eða 2-3 línur) fellur eðlilega inn í texta og er afmörkuð með gæsalöppum. **Lengri tilvitnanir** eru afmarkaðar með því að draga orðréttu málgreinarnar inn sem nemur fimm stafabilum og minnka línubil úr 1,5 í 1. Nemendum er ráðlagt að nota langar tilvitnanir í hófi og miða við að bein tilvitnun sé ekki lengri en sem nemur 10 línur. **Óbeinar tilvitnanir** kallast það þegar nemandi endursegir og umorðar texta annars og notar í ritsmíð sína. **Heimildaskrá** sýnir hvaðan aðfengið efni er komið. Sjá <http://www.fg.is/thjonusta/bokasafn/heimildir/>

Nemandi sem er staðinn að ritstuldi fær einkunnina núll fyrir verkefnið.

Gagnlegar upplýsingar um kvikmyndir og leikara

- Internet Movie Database
- Movie Actors

Orðabækur á netinu

- Merriam Webster
- Longman Dictionary of Contemporary English
- Cambridge Advanced Learner's Dictionary
- Snara
- Orðabók

Með von um farsæla önn og ánægjulegt samstarf!
Anna Jeeves